**Dagsetning** 19.10.2026
**Málsnúmer** URN26100085

## Könnun til sveitarfélaga um kolefnisstjórnunarverkefni

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur óskað eftir því að leggja könnun fyrir sveitarfélög. Markmiðið er kanna áhuga sveitarfélaga á þátttöku í verkefnum sem flokkast sem kolefnisstjórnunarverkefni (*e. carbon management*). Um er að ræða verkefni á borð við skógrækt, endurheimt votlendis og niðurdælingu koldíoxíðs, sem öll geta gegnt mikilvægu hlutverki í að binda og/eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við loftslagsmarkmið bæði á landsvísu og innan sveitarfélaga.

Frumvarp til loftslagslaga var nýverið lagt fram á Alþingi. Frumvarpið felur í sér tillögu að nýjum heildarlögum um loftslagsmál svo að lögin fylgi þróun og áherslum innan málaflokksins. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að bundið verði í lög að ráðherra skuli leggja fram loftslagsstefnu sem sæti endurskoðun á fimm ára fresti. Í stefnunni skal gerð grein fyrir hvernig stjórnvöld hyggjast ná loftslagsmarkmiðum, og tekur stefnumótunarvinnan m.a. að einhverju leyti til verkefna er teljast til kolefnisstjórnunar. Jafnframt er kveðið á um að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu sem tekur mið af markmiðum og loftslagsstefnu stjórnvalda.

Kolefnisstjórnunarverkefni munu í mörgum tilfellum kalla á breytingar á skipulagi. Því er lagt upp með að sveitarfélög geti tekið mið af slíkum verkefnum við mat á því hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag í kjölfar nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga, sbr. 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Könnunin er ekki bindandi og er tilgangur hennar fyrst og fremst eftirfarandi:

- Að kanna hvort áhugi og vilji sé hjá sveitarfélagi að taka þátt í slíkum verkefnum,
- fá innsýn í forsendur, tækifæri og áskoranir,
- skilgreina leiðir við að styðja við þróun slíkra verkefna í samstarfi við sveitarfélög.

Niðurstöður könnunarinnar munu nýtast við stefnumótun fyrir verkefni á þessu sviði og tryggja að möguleg verkefni taki mið af þörfum, áherslum og aðstæðum sveitarfélaga. Jafnframt munu niðurstöðurnar nýtast sem innlegg í loftslagsstefnu sem nú er unnið að og fyrirhugað er að liggi fyrir í lok árs.

Frekari upplýsingar veitir Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir: sandra.snaebjornsdottir@urn.is